

**Nd.**

**133. Nefndarálit**

[48. mál]

um frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin flutti frumvarpið að beiðni hagstofustjóra og eftir að hafa skoðað frv. nánar og leitað umsagna mælir nefndin með samþykkt þess, með einni minni háttar breytingu.

Núgildandi vísitala byggingarkostnaðar er grundvölluð á lögum nr. 25/1957. Í janúar 1970 samþykkti Alþingi ályktun, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta endurskoða löggin og Hagstofu Íslands og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins falið að reikna út nýjan grundvöll byggingarvísitölu.

Breytingin sem frv. felur í sér, er fyrst og fremst sú, að hér verða reiknaðir út og birtir ákveðnir verkþættir byggingargjalda og fyrir einstök byggingarstig. Enn fremur verður hún reiknuð út fjórum sinnum á ári í stað þrisvar.

Breytingin, sem nefndin leggur til, er sú, að því sé slegið föstu að fram fari athugun, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölunnar.

Alþingi, 9. des. 1975.

Ellert B. Schram,  
form., frsm.

Svava Jakobsdóttir.

Gunnlaugur Finnsson,  
fundaskr.

Páll Pétursson.

Friðjón Þórðarson.

Ingólfur Jónsson.

Sighvatur Björgvinsson.